



# SNARRÓTTIN

## SAMTÖK UM SKAÐAMINNKUN & MANNRÉTTINDI

Snarróttin fagnar áformum heilbrigðisráðuneytisins um lagasetningu sem gengur út að gera vörslu á neysluskömmtum af öllum vímuefnum refsilausa. Félagið hefur í umsögnum sínum um skyld frumvörp hvatt ráðuneyti og þingheim til að beita sér fyrir slíkri réttarbót og fært meðal annars rök fyrir því að refsingar í garð notenda vímuefna, hvort sem þeir glíma við vímuefnavanda eða ekki, hafa ekki skilað þeim árangri sem vonast var eftir. Formleg viðurkenning heilbrigðisráðuneytisins á því að refsistefna í vímuefnamálum sé ekki gagnreynd nálgun og að frekar eigi að huga að skaðaminnkun og aðstoð til notenda er mikið framfaraskref.

Snarróttin vill þakka heilbrigðisráðuneytinu fyrir að taka þetta skref og vonar að með því sé hægt að snúa frá þeirri bann- og refsistefnu sem tíðkast hefur í áratugi og hefja fyrstu skrefin í átt að vímuefnastefnu sem byggist á vísindum, mannréttindum og skaðaminnkun.

Snarróttin telur þó mikilvægt að benda á eftirfarandi atriði er varða frumvarpið:

- Ekki hefur farið fram samráð við notendur þeirra vímuefna sem nú eru ólögleg og ekki er tekið fram að slíkt samráð sé fyrirhugað, samkvæmt áformum ráðuneytisins. Vissulega er sá hópur ekki með formleg félagasamtök hérlendis en ráðuneytið er hvatt til þess að finna flöt á því og eiga samráð við þann hóp sem núverandi lagasetning bitnar hvað mest á, sem eru einstaklingar með virkan og þungan vímuefnavanda.
- Þar sem að fyrirhugað er að óska sérstaklega eftir umsögn frá Fangelismálastofnum þá vill Snarróttin benda á mikilvægi þess að óskað verði einnig eftir umsögn frá Afstöðu, félagi fanga. Afstaða hefur sinnt málsvarastarfi fyrir fanga og aðstandendur þeirra í

áratug og hefur því dýrmæta þekkingu á stöðu, bakgrunni og reynslu fanga á Íslandi. Talið er að um 70-80% fanga á Íslandi eigi sér sögu um langvarandi vímuefnavanda.

- Snarrótin telur mikilvægt að ekki myndist glufur í lagasetningu eða framkvæmd laga, þannig að notendur vímuefna verði með einhverjum hætti áfram útsettir fyrir afskiptum lögreglu vegna neyslu vímuefna eða vörslu neysluskammta. Með það í huga telur félagið meðal annars afar mikilvægt að afnema þurfi jafnframt refsingu fyrir kaup á neysluskömmtum, svo lögreglan hafi ekki lagalegt svigrúm til að hafa afskipti af neytendum vegna gruns um að hafa keypt vímuefni með ólöglegum hætti. Ráðuneytið er hvatt til að huga sérstaklega að þessum þætti lagasetningarinnar til að hægt sé að tryggja fulla lagalega vernd þeirra neytenda sem bera neysluskammta.
- Snarrótin telur mikilvægt að lagabreytingarnar nái einnig til lyfseðilskyldra lyfja sem eru heimiluð í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi, 3. gr. laga um ávana- og fíkniefni. Gögn hafa sýnt fram á að fólk sem glímir við þungan vímuefnavanda á Íslandi er oftast ekki háð lyfseðilsskyldum lyfjum eins og morfínskyldum lyfjum, metýlfenídat og benzódíazepín lyfjum (SÁÁ og Rauði krossinn). Samkvæmt reynslu skaðaminnkandi úrræða hér á landi sem þjónusta einstaklinga með þungan vímuefnavanda eins og Frú Ragnheiða hjá Rauða krossinum, er þekkt að lögreglan gerir lyfseðilskyld lyf upptæk til jafns við ólögleg vímuefni vegna grunns um að lyfin hafi verið keypt ólöglega. Snarrótin telur því afar mikilvægt að hugað verði að lagabreytingu sem nái yfir neysluskammta af lyfseðilsskyldum lyfjum (3. gr. laga um ávana- og fíkniefni) og að heimild lögreglu til upptöku efna nái ekki til neysluskammta á lyfseðilsskyldum lyfjum sem eru í vörslu einstaklinga yfir 18 ára aldri. Ef ekki er hugað að lyfseðilsskyldum lyfjum í frumvarpinu mun hópurinn sem býr við þyngsta vímuefnavandann á Íslandi mögulega verða skilin eftir í afglæpavæðingu á neysluskömmtum.

- Í rökstuðningi fyrir nauðsyn þessarar lagasetningar, í greinargerð og kynningu, mætti leggja aukna áherslu á að skoða hvernig núgildandi bann- og refsistefna er ekki bara haldlaus heldur líka beinlínis skaðleg. Með öðrum orðum mætti leggja meiri áherslu á hvers konar skaðaminnkun myndi felast í því að afnema refsingar fyrir vörslu á neysluskömmun. Núgildandi vímuefnastefna felur meðal annars í sér þann skaða að notendur ákveðinna vímuefna færast út á jaðarinn, forðast gjarnan að sækja sér ákveðna þjónustu eða leita til viðbragðsaðila, hrekjast út í að fjármagna vímuefnavanda með skaðlegum og jafnvel glæpsamlegum bjargráðum sem valda þeim og samfélaginu skaða. Með því að útlista neikvæðu afleiðingarnar með vísun í rannsóknir og reynslu annarra ríkja eru þingmenn studdir enn frekar í að taka upplýsta afstöðu til frumvarpsins sem byggist á vísindalegum niðurstöðum og reynslu annar ríkja.

Snarrótin lýsir sig svo fúsa til samstarfs við heilbrigðisráðuneytið varðandi gerð frumvarpsins um afgangavæðingu á neysluskömmun. Fulltrúar Snarrótarinnar eru tilbúnir að hitta starfsfólk ráðuneytis eða ráðherra til frekari viðræðna um sjónarmið félagsins og jafnframt aðstoða við gagnaupplýsingar sé þess óskað, með þann stuðning sem félagið getur veitt.